



# Þjóðhagfræði I

Námslýsing 2019

## Markmið

Þessu námskeiði er ætlað að veita nemendum innsýn í þjóðhagfræði, helztu kenningar hennar og hugtök og veita þeim þannig yfirsýn yfir helztu viðfangsefni þjóðhagfræðinnar og ýmis helztu lögmál efnahagslífsins sem þjóðhagfræðin fjallar um. Áherzla er lögð jöfnum höndum á fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnisins og tengsl þess við ýmis efnahagsmál sem eru ofarlega á baugi á Íslandi og úti í heimi. Staðgóð þekking á þjóðhagfræði býr nemendur undir ýmis önnur námskeið, og lífið.

## Fyrirkomulag kennslu og prófa

Fyrirlestrar eru haldnir tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 11:40 til 13:10 í Sal 1 í Háskólabíói og á miðvikudögum kl. 11:40 til 13:10 í stofu 102 á Háskólatorgi. Í sérstökum dæmatímum aðra hverja viku verður farið yfir verkefni og dæmi úr námsefninu í minni hópum sem nemendum verður raðað í. Tilhögun dæmatíma verður auglýst síðar. Eitt frjálst æfingarpróf verður haldið í október. Allir ættu að þreyta það til að kanna og styrkja stöðu sína. Námskeiðinu lýkur með þriggja tíma krossaprófi í desember og vegur það 100% af lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn í námskeiðinu er 5,0 fyrir viðskiptafræðinema og 6,5 fyrir hagfræðinema eins og áður. Aðsetur kennara er í Odda 316, viðtalstímar eru eftir samkomulagi og netfang er gylfason@hi.is. Dæmakennari er dr. Oddgeir Ágúst Ottesen (oao@hi.is).

## Lesmál

Kennslubókin er *Economics* eftir Gregory Mankiw og Mark Taylor, 4. útg. 2017 (eða 2014 eða 2011; hver útgáfan er notuð nokkurn veginn kemur í sama stað niður). Bókin er miðuð við þarfir evrópskra stúdenta frekar en bandarískra. Hægt er að nota eldri útgáfur (*Principles of Economics* eða bara *Economics* eftir Mankiw einan), en þar vantar að vísu Evrópuvinkilinn. Til hliðsjónar eru valdir kaflar í *Foundations of Real-World Economics: What Every Economics Student Needs to Know* eftir John Komlos, 2. útg. 2019 (eða 2014). Vísuð verður á viðbótarlesmál í smáskömmtum eftir smekk og þörfum.

## Netið

Á vefsetri námskeiðsins á Uglu er að finna námslýsingu og kennsluáætlun. Glærur tengdar fyrirlestrum verða settar þangað smám saman fyrir hvern fyrirlestur. Nemendur geta prentað þær út sjálfir og farið með þær eftir vild. Fyrirlestraglærur verða einnig aðgengilegar á vefsetri mínu <https://notendur.hi.is/gylfason/index.htm>

## Gangur námskeiðsins í grófum dráttum

Fyrst verður þjóðhagfræði lýst með almennum orðum í samhengi við aðrar greinar hagfræði og önnur fræði og vísindi og nokkur grundvallarhugtök verða kynnt til sögunnar. Síðan verður fjallað um millilandaviðskipti og hvers vegna þjóðir hafa hag af þeim, smáþjóðir ekki sízt, ef ávöxtum viðskiptanna er jafnt skipt. Viðskiptastríð koma við sögu. Þá verður farið yfir höfuðatriði þjóðhagsreikninga og hvernig reynt er að slá máli á helztu hagstærðir svo sem landsframleiðslu, verðlag og ýmsar afleiddar stærðir. Hagvöxtur, þ.e. vöxtur landsframleiðslunnar til langs tíma litið, er næstur á dagskrá. Þar verður fjallað um helztu uppsprettur hagvaxtar um heiminn, þ. á m. sparnað, fjárfestingu, hagkvæmni og stjórnarfar, og þá um leið um það hvers vegna sumar þjóðir eru ríkar og njóta góðra lífskjara og aðrar eru fátækar. Því næst verður fjallað um sparnað og fjárfestingu og samband þeirra við fjármál og vexti. Þá kemur röðin að atvinnuleysi og orsökum þess. Þessu næst verður fjallað um peninga, banka og verðbólgu. Að því loknu skoðum við nokkrar stærðir sem skipta miklu í opnum hagkerfum svo sem útflutning, innflutning og gengi gjaldmiðla og sambandið á milli þeirra og fjármagnshreyfinga milli landa. Þá verður fjallað um sambandið milli verðlags, vaxta og gengis. Þá verður röðin loksins komin að tveim lykilstærðum, landsframleiðslu og verðlagi, og hvernig þær ráðast af jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar í hagkerfinu og hvernig hægt er að hafa áhrif á þær með hagstjórn – þ.e. með stjórnvaldságerðum í fjármálum ríkisins, peningamálum og skipulagsmálum atvinnuvega. Hér koma kreppur við sögu, þ.m.t. fjármálakreppur. Loks verður fjallað um verðbólgu og atvinnuleysi og sambandið milli þeirra í bráð og lengd og um mynsvæði og evruna, sameiginlega mynt flestra ESB-þjóða.

## Kennsluáætlun

Vika (dagar)	Efni fyrirlestra	Helztu viðfangsefni	Kaflar í Mankiw-Taylor 2017 (2014, 2011) og Komlos 2019
35 (27-28/8)	<b>Inngangur að þjóðhagfræði</b> <b>Alþjóðahagfræði I</b>	Hagfræði handa fólki, hagfræði sem vísindi Hvers vegna viðskipti borga sig	MT 1-2 (1-2, 1-2) K 1-2, 10 MT 19 (19, 3), K 13
36 (3-4/9)	<b>Alþjóðahagfræði II</b> <b>Þjóðhagsreikningar og verðlag</b>	Hagur af viðskiptum: Samhagur, sérhagur Hagmælingar: Hvernig við mælum helztu hagstærðir	MT 19 (19, 3), K 13 MT 20-21 (20-21, 23-24)
37 (10-11/9)	<b>Framleiðsla og hagvöxtur I</b>	Hvernig landsframleiðslan vex með tímanum Helztu gangráðar hagvaxtar: Fjárfesting, menntun, viðskipti, innviðir o.fl.	MT 22 (22, 25) K 11
38 (17-18/9)	<b>Framleiðsla og hagvöxtur II</b> <b>Ójöfnuður og fátækt</b>	Meira um hagvöxt til langs tíma litið og eftir hverju hann fer Hagvöxtur um heiminn: Ríkar þjóðir og fátækar	Vöxtur eftir máli* MT 18 (18)
39 (24-25/9)	<b>Sparnaður, fjárfesting og fjármálakerfið</b> <b>Atvinnuleysi</b>	Hvað ræður sparnaði, vöxtum og fjárfestingu? Hvernig hanga þessar stærðir saman? Hvað veldur atvinnuleysi?	MT 24-26 (24-25, 26-27) MT 23 (23, 28)
40 (1-2/10)	<b>Peningar, bankar, fjármálakerfið og verðbólga</b>	Til hvers eru peningar? Hvernig er peningamálum stjórnað? Samhengi peninga og verðbólgu Hvers vegna verðbólga er skaðleg	MT 27-28 (26-27, 29-30) K 14
41 (8-9/10)	<b>Opin hagkerfi I</b>	Millilandaviðskipti, gengi gjaldmiðla og fjármagnsflutningar milli landa: Hvert er samhengið?	MT 29 (28, 31)
42 (15-16/10)	<b>Opin hagkerfi II</b>	Samhengi vaxta, gengis og annarra hagstærða í opnu hagkerfi	MT 30 (29, 32), K 13
43 (22-23/10)	<b>Heildareftirspurn og heildarframboð</b>	Ákvörðun landsframleiðslu og verðlags fyrir tilstilli framboðs og eftirspurnar í hagkerfinu	MT 31-33 (30-32, 33-34) K 10
44 (29-30/10)	<b>Hagstjórn</b>	Áhrif stefnunnar í ríkisfjármálum, peningamálum og skipulagsmálum atvinnulífsins á helztu hagstærðir	MT 34, 36 (33, 35) K 11-12, 15
45 (5-6/11)	<b>Verðbólga og atvinnuleysi</b>	Sambandið milli verðbólgu og atvinnuleysis: Phillips-kúrfan í bráð og lengd	MT 35 (34, 36)
46 (12-13/11)	<b>Myntsvæði og evran</b>	Til hvers er evran? Gerir hún gagn? Endir	MT 37-38 (36-37, 38-39)
47 (19-20/11)	<b>Upprifjun og dæmi</b>		

\* Þorvaldur Gylfason, "Vöxtur eftir máli", *Hagmál*, maí 2006. Sjá <http://notendur.hi.is/gylfason/hagmal2006.pdf>.